

Fjarskiptahópur SKÝ

Skýrsla stjórnar á fræðslu- og aðalfundi hópsins 22. Mars 2012

Góðir félagar,

Á síðasta aðalfundi sem haldinn var í apríl 2010 hætti þáverandi formaður stjórnar Sæmundur E. Þorsteinsson hjá Símanum stjórnarsetu, en hann hafði verið formaður stjórnarinnar frá stofun Fjarskiptahóps SKÝ þann 23. mars 2007.

Í stað hans var kosinn Jón Ingi Einarsson, en hann hefur verið stjórnarmaður frá 2008. Aðrir stjórnarliðar voru kosnir til áframhaldandi setu. Í hópinn bættist þá Davíð Stefán Guðmundsson hjá Símanum. Núverandi stjórn er því skipuð :

Jón Ingi Einarsson hjá RHneti

Guðmundur Daníelsson hjá Orkufjarskiptum (áður Fjarska)¹

Gunnar A. Ólafsson hjá Nova

Theodór Carl Steinþórsson hjá Vodafone

Davíð Stefán Guðmundsson hjá Símanum

Eins og ljóst er þá var ekki boðað til aðalfundar á síðasta ári, en þrátt fyrir miklar annir hjá stjórnarmönnum stóð stjórnin að þremur ráðstefnum 2011:

Í janúar, var boðið upp á hádegisverðarfund er bar yfirskriftina **IP símkerfi – upplifun og öryggi**, fundarstjóri var Davíð Stefán Guðmundsson.

Þar fjallaði Andri Örvar Baldvinsson hjá Sensa um öryggisþætti og hvað væru símkerfi í ljósi nútímans, en „Voice over IP“ eða VoIP hefur flækt málið aðeins.

Þá fjallaði Tryggvi Jónsson hjá Deloitte um kosti og galla þess að vera með símkerfi er byggði á opnum hugbúnaði („open source“) og þá m.a. með tilliti til öryggisþátta.

Að lokum fjallaði Friðþjófur Bergmann hjá Landspítalanum – Háskólasjúkrahúsi um reynslu þeirra af rekstri IP símkerfis, en þeir voru með þeim allra fyrstu sem tóku upp slíkt kerfi einvörðungu. - Áhugaverð erindi og aðsókn nokkuð góð.

Næsta ráðstefna var hádegisverðarfundur í apríl og hafði yfirskriftina **Þróun grunneta á Íslandi til 2020**, í fundarstjórn Þórólfs Árnasonar.

Á þessari ráðstefnu var reynt að ná fram mynd af helstu fjarskiptakerfum í landinu og hvernig rekstraraðilar þeirra sæu fyrir sér þróun komandi ára eða hvernig menn vildu sjá þetta þróast næstu árin. Einnig voru kynningar frá tveimur fulltrúum viðskiptamanna eða notendum slíkra kerfa.

¹ Orkufjarskipti hf. var stofnað þann 12. desember 2011 og núverandi fjarskiptakerfi félagsins byggir á grunnkerfi sem var í eigu Landsvirkjunar, Landsnets og Fjarska. Sjá annars á: <http://www.orkufjarskipti.is>

Bjarni M. Jónsson kynnti fjarskiptanet Fjarska ehf, Pálmi Sigurðsson netkerfi Vodafone, Magnús Salberg Óskarsson netkerfi Gagnaveitu Reykjavíkur, Halldór Guðmundsson netkerfi Mílu. Þessi yfirferð gaf a.m.k. smá innsýn í núverandi innviði fjarskiptakerfanna í landinu.

Einar Indriðason gaf yfirlit yfir fjölbreytt mælinganet Veðurstofunnar, jarðskjálfta-, vatnamælinga- og veðurstöðvar víðs vegar um landið og lausnir/vandræði við að nálgast gögnin frá þeim. Þá kynnti Ingólfur Bruun frá Fjarskiptafélagi Örfæinga, Örfæfnetið, sem komið var á í samvinnu við Fjarska og var fyrir suma á því svæði n.k. bylting í fjarskiptamálum.

Áhugaverð erindi og mjög vel sóttur fundur.

Síðasta ráðstefnan sem Fjarskiptahópurinn hefur staðið að var gerð í samvinnu við innanríkisráðuneytið (IRR) og var haldin sem hádegisverðarfundur 2. nóvember. (Að vísu hófust þreifingar eða óbeinn undirbúningur/vangaveltur þegar síðla árs 2010 og þá við samgönguráðuneytið.) Fundarefnið skyldi vera ný fjarskiptaáætlun stjórnvalda sem þá var í undirbúningi. Áherslur ofl. breyttust síðan eitthvað við m.a. samruna ráðuneyta í ársbyrjun 2011², þ.e. meiri samþætting áætlana og samspil við samgönguáætlun.(?)

Yfirskrift ráðstefnunnar var **Ný fjarskiptaáætlun stjórnvalda fyrir árin 2011-2022**. Um fundarstjórn sá Steinunn Valdís Óskarsdóttir hjá IRR.

Innanríkisráðherra, Ögmundur Jónasson, var með stutt ávarp í upphafi fundar.

Um kynningu á áætlun stjórnvalda sá Sigurbergur Björnsson hjá IRR, m.a. stefnu stjórnvalda, horfur/fjármál, nokkrar forsendur áætlunarinnar, framtíðarhorfur (m.a. aukin eftirspurn farsambanda), nokkur dæmi um markmið og verkefni, ofl.

Þorleifur Jónsson hjá Póst- og fjarskiptastofnun fjallaði síðan um öryggismál og mikilvægi fjarskiptainnviða, sem fyrir þennan hóp er „eilíft“ viðfangsefni. Þá fjallaði Guðbjörg Sigurðardóttir, forsætisráðuneytinu, um snertifleti fjarskiptaáætlunar við upplýsinga-samfélagið.

Eftir nokkrar umræður var Gunnar Svavarsons, formaður Fjarskiptasjóðs, með samantekt.

Fundurinn var vel sóttur, en sumum fannst vanta meiri dýpt og meira/nánar um áætlunina sjálfa og t.d. málefni höfuðléna (.is).

SKÝ átti fulltrúa í fjarskiptaráði³, en skipunartími síðasta ráðs var til ársbyrjunar 2012. Þannig að óvíst er um framhaldið. (Spurning hversu virkt ráðið var, a.m.k. er meira en ár liðið síðan fulltrúi SKÝ fékk fundarboð.)

Fyrir hönd stjórnar vil ég þakka áheyrnina,

Jón Ingi Einarsson

² Innanríkisráðuneytið tók til starfa 1. janúar 2011 með samruna dómsmála- og mannréttindaráðuneytisins annars vegar og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins hins vegar.

³ Sjá reglugerð um fjarskiptaráð: <http://www.reglugerd.is/interpro/dkm/WebGuard.nsf/key2/464-2006>